

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðiseftirlit á Vestfjörðum.

#### 1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, er sveitarstjórn-um heimilt, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

#### 3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt gr. 36.1 heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 1 000,00
2. flokkur	— 2 000,00
3. flokkur	— 3 000,00
4. flokkur	— 4 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytingar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

#### 4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld, svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 4 000,00
2. flokkur	— 8 000,00
3. flokkur	— 15 000,00
4. flokkur	— 25 000,00

#### 5. gr.

Heilbrigðisfulltrúar semji fyrir hönd heilbrigðisnefnda lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á starfssvæðum sínum. Listinn skal afhentur skrifstofum þeirra sveitarfélaga, sem fara með fjármál heilbrigðiseftirlitsins. Þær sjái um samræmingu á álagningu og innheimtu gjaldanna í samráði við sveitarstjórnir á svæðinu.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari renna beint til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

#### 6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda samkvæmt 4. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

#### 7. gr.

Gjald skv. 4. gr. má innheimta með lögtaki.

#### 8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, að höfðu samráði við hlutadeigandi sveitarfélög, staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrir árið 1985 skal gjalddagi eftirlitsgjalda vera 1. desember og eindagi 1. febrúar 1986.

Með skírskotun til sérstaks samkomulags og þar til annað verður ákveðið gildir gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi nr. 236/1984 fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. október 1985.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 445/1978 um flokkun eiturefna og hættulegra efna, með síðari breytingum.**

1. gr.

Nýtt efni á lista IV A:

**METÝLKLÓRÍÐ (MÓNÓKLÓRMETAL)**

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27/1973, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. október 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Páll Sigurðsson.*

**SAMÞYKKT**

**um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Kópavogskaupstað nr. 318 frá 23. júní 1981.**

1. gr.

11. tl. 1. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Gróðurskálar innangengir úr húsum ..... 1½%.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein er verði 4. málsgrein, svohljóðandi:

Bæjarráði er heimilt þegar ástæða þykir til að ákveða rýmri greiðslutilhöggun á gatnagerðargjöldum en að ofan greinir.